

Reglugerð um menntunarskilyrði þjálfara innan vébanda Blaksambands Íslands

1. Almenn ákvæði

Allir þjálfarar sem starfa innan vébanda Blaksambands Íslands skulu hafa fullnægjandi og viðeigandi menntun til þeirra þjálfarastarfa sem þeir eru ráðnir til. Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem kennir blak og skipuleggur og stjórnar blakæfingum og blakleikjum hjá aðildarfélögum BLÍ.

2. Menntunarkröfur

Menntunarkröfur þjálfara fela í sér að þjálfarar þurfa að vera með tiltekna menntun til að þjálfar tiltekna aldurshópa og lið í keppni á vegum BLÍ.

- BLÍ D	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 1
- BLÍ C	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 1 og ÍSÍ 1
- BLÍ B	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 2 og ÍSÍ 2
- BLÍ A	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum:	BLÍ 3 og ÍSÍ 3
- BLÍ ProB	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum	BLÍ ProB.
- BLÍ ProA	Þjálfari hefur lokið eftirfarandi námskeiðum	BLÍ ProA.

BLÍ D

Gefur réttindi til að starfa sem aðstoðarþjálfari í öllum yngri flokkum. Forkrafa er að hafa lokið grunnskólaprófi og BLÍ 1.

BLÍ C

Er þjálfarastig til almennar blakþjálfunar og ætluð fyrir íþróttakennara í grunnskólum og gefur réttindi til að þjálfar iðkendur yngri en 12 ára. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 1 og ÍSÍ 1. Forkrafa er að hafa lokið grunnskólakprófi.

BLÍ B

Er þjálfarastig til almennrar þjálfunar fyrir 6 manna blak og gefur réttindi til að þjálfar yngri flokka frá 12 ára og eldri, lið í 1. deild og neðar og bikarkeppni BLÍ. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 2 og ÍSÍ 2. Forkrafa er að hafa að fullu lokið BLÍ 1 og ÍSÍ 2 og vera eldri en 18 ára.

BLÍ A

Er þjálfarastig til blakþjálfaramenntunar og gefur réttindi til að þjálfar lið í efstu deild og neðar og bikarkeppni BLÍ. Samanstendur af námskeiðum BLÍ 3 og ÍSÍ 3. Forkröfur eru að hafa að fullu lokið BLÍ 2 og ÍSÍ 2 og vera eldri en 20 ára.

BLÍ proB

Skilgreint af Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ.

BLÍ proA

Skilgreint af Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ.

Ekki er krafist menntunarstigs við þjálfun liða sem keppa á Öldungamóti BLÍ.

3. Endurmenntun

Þjálfari sem lokið hefur BLÍ 3 þjálfaragráðu frá BLÍ og ÍSÍ þarf að sækja sér endurmenntun reglulega

eða hið minnsta á þriggja ára fresti til að viðhalda réttindum sínum. Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ ákvarðar hvað telst gild endurmenntun til endurnýjunar á þjálfararéttindunum.

4. Mat réttinda

Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ metur hvaða réttindi nám/námskeið á Íslandi og erlendis veita til þjálfunar á Íslandi.

5. Undanþágur

Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum í reglugerð þessari ef veigamiklar og sérstakar ástæður liggja að baki. Undanþágan fæst þó einungis einu sinni fyrir hvern þjálfara fyrir hvert stig. Slíka undanþágu skal þó alltaf bera undir stjórn BLÍ til samþykktar. Óski félag eftir undanþágu þarf hún að berast skriflega á skrifstofu BLÍ fyrir 15. september ár hvert.

6. Viðurlög

Þau félög sem uppfylla ekki fyrrgreindar kröfur um menntun þjálfara þurfa að greiða sektir í lok hvers keppnistímabils og eru þær sem hér segir:

- Kr. 50.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ C
- Kr. 100.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ B.
- Kr. 250.000 vegna flokka sem tilheyra þjálfarastigi BLÍ A.

Undanþágur á viðurlögum þessum verða samkvæmt eftirfarandi tímasetningum:

- Keppnistímabilið 2020-2021:
 - Engin viðurlög ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi
- Keppnistímabilið 2021-2022
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri en 12 ára
- Keppnistímabilið 2022-2023
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri flokka og liða í 2. deild og neðar
- Keppnistímabilið 2023-2024
 - Viðurlögum beitt ef félög eru ekki með þjálfara með réttindi fyrir þjálfun yngri flokka og meistaraflokka í öllum keppnum á vegum BLÍ.

Félag sem verður uppvíst að því að hafa rangt við hefur fyrirgert möguleikum sínum á öllum undanþágum.

7. Gildistaka

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Samþykkt á ársþingi BLÍ þann 13. Júní 2020